

Aukinn áhugi á skák

Ungir sem aldnir skákmenn sameinast nú einu sinni í viku við taflborð í Áttthagastofu Snæfellsbæjar þegar Taflfélag Snæfellsbæjar hittist þar á sunnudagskvöldum. Í október 2021 var félagið endurreist eftir pásu þegar tafláhugamenn hófu að hittast í Frystiklefanum á Rífi en um miðjan janúar 2023 færðust hittingarnir á nýjan stað. Nú hittast félagarnir í Áttthagastofu Snæfellsbæjar og etja kappi við hvern annan. Skák hefur lengi verið vinsæl íþrótt en áhuginn virðist fara ört vaxandi, sérstaklega hjá yngstu kyn-

slóðinni en frétt á vef Grunnskóla Snæfellsbæjar greindi frá því að áhugi nemenda í skólanum fyrir skák fari vaxandi og verja nemandur miklum tíma í frímínútum við að tepla auk þess sem einhverjir sækja æfingar hjá Taflfélagi Snæfellsbæjar. Þessi starfsemi hjá Taflfélaginu er frábær viðbót í sveitarfélagið, veitir félögum tækifæri til að stunda áhugamál sín í góðum félagsskap en um 14 manns hafa verið að mæta í skákina í hverri viku og ný andlit alltaf að bætast við.

sj



Truflanir á rafmagni

Ekkert lát er á veðrinu og hver veðurviðvörðunin á fætur annarri skellur á. Sunnudaginn 5. febrúar datt út Ólafsvíkurlína 1 hjá Landsneti, talið er að það hafi komið til vegna eldinga en til allrar lukku hélst rafmagnið inni á meðan. Mánudaginn 6. febrúar var ennþá líkur á niðurslætti eldinga samfara öflugum eljum og íbúar á Vesturlandi öllu varaðir við því að rafmagnið gæti dottið út. Þá varð háspennubíllun á Rífi og Hellissandi þriðjudaginn 7. febrúar og datt rafmagnið þá út á Hellissandi upp

úr hádegi og kom ekki aftur inn fyrr en seinnipartinn. Einnig varð rafmagnslaust á Rífi og í hluta Ólafsvíkur en þar stóð það yfir í mun skemmri tíma. Auk áhrifanna sem veðrið hafði á rafmagnið varð einnig truflun á samgöngum en skólaopnun í Ólafsvík og Hellissandi var seinkað til kl 10.00 á þriðjudagsmorguninn vegna gulrar veðurviðvarannar og allt Snæfellsnesið norðanvert var ófært þennan sama morgun svo kennsla í Fjölbautaskóla Snæfellinga fór fram á Teams.

sj



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Framhaldsskólahermir 10. bekkinga í FSN

Nemendur í 10. bekkjum grunnskólanna á norðanverður Snæfellsnesi kíktu í heimsókn í FSN 6. febrúar síðastliðinn og kynntust skólanum lítillga af eigin raun. Nemendurnir sem klára brátt grunnskóla fengu boð um að taka þátt í svokölluðum Framhaldsskólahermi þar sem þeim gafst tækifæri til að kynna sér námið og félagslífið innan skólans. Kynning á raungreinum, félagsvísindum, tungumálum, íþróttafaggreinum og nýsköpun var á meðal þess sem var kynnt fyrir nemendum auk þess sem nemendafélags skólans setti upp skemmtidagskrá fyrir þau. Þetta er frábært tækifæri fyrir 10. bekk-



ingana til að taka þátt í skólstarfinu í einn dag og munu þau fara í aðra heimsókn í fjölbrautaskólann seinna í vor. sj

Getraunir 1x2

Það gengur illa hjá tipp samfélaginu okkar að næla í feitan vinning í getraununum. Síðasta laugardag voru aðeins tveir með 10 rétt úrslit, sem gaf nú ekki mikið. Gaman að geta þess, að salan hjá okkur í Áttthagastofunni er oftast um helmingur heildar sölu á getraunaseðlum, þar sem menn styrkja Víking (félagsnúmerið 355). Salan í Áttthagastofunni skilar þó Víkingi meiri tekjum, en þær raðir, sem keyptar eru á öðrum sölustöðum, en við þökkum fyrir allt.

Næsta helgi er líka með leikjum frá efstu deildum í enska boltanum og ef úrslitin falla rétt, gætu spekingarnir okkar, sem undanfarið hafa verið með 10 eða 11 rétt úrslit bætt sig, þó ekki væri nema um ein eða tvenn úrslit og þá eru menn komir í hærri vinninga. Alla vega við höldum áfram og verðum í Áttthagastofunni á laugardaginn á milli klukkan 11.00 og 12.00 og kaffið á sínum stað. Allir velkomnir.

Áfram Víkingur.

Snæfellingar í U19

4. janúar síðastliðinn valdi Margrét Magnúsdóttir, landsliðsþjálfari U19 kvenna í fótbolta æfingarhóp sem æfði saman dagana 16-18. janúar. Æfingarnar fóru fram í Miðgarði í Garðabæ og spilaði hópurinn einnig æfingarleik við Stjórnuna. Var þetta undirbúningur fyrir stelpurnar fyrir æfingarmót sem haldið verður á Algarve í Portúgal í febrúar. Nú hefur landsliðsþjálfarinn valið hópinn sem fer til Portúgal en í

þeim hópi eru tveir leikmenn úr Snæfellsbæ. Það eru þær Eyrún Embla Hjartardóttir og Sædís Rún Heiðarsdóttir. Á mótinu í Portúgal spilar lið Íslands þrjá leiki en sá fyrsti er 15. febrúar og spila þær þá við lið Póllands. Þann 18. febrúar er leikur gegn Portúgal og 21. febrúar munu þær spila gegn liði Wales. Óskum við stelpunum góðs gengis í þessu verkefni og hlökkum til að fylgjast með frammistöðu liðsins. jj



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Slökkviliðið heimsótti Eldhamra



Slökkvilið Grundarfjarðar heimsótti á dögnum Eldhamra, 5 ára deild leikskólans sem staðsett er í Grunnskóla Grundarfjarðar. Sýndu þeir krökkunum fræðslumyndband með Loga og Glóð sem eru eldklárir aðstoðarmenn slökkviliðsins. Svo sýndu slökkviliðsmennirnir krökkunum hvernig brugðist er við þegar mikill reykur er til staðar og leita þarf

áð fólki. Að lokum fór hópurinn í slökkvistöðina þar sem þau fengu að skoða bíla og búnað á svæðinu og prufuðu að sitja í bílunum. Vakti þetta mikla lukku hjá börnunum sem fengu öll viðurkenningarskjal og þrautabók með Loga og Glóð auk þess að vera fróðari um hvernig skuli bregðast við ef upp kemur reykur eða eldur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617


Samtal á vegum Þjóðgarðsins

Ný Þjóðgarðsmiðstöð Snæfellsjökuls er risin á Hellissandi og styttest í að glæsilegt mannvirkið verði opnað fyrir almenningi en stefnt er á að opnunin verði í mars. Vinna varðandi starfsemi og nýtingu hússins, sýningar og hvernig það getur nýst samfélaginu er í fullum gangi en í liðinni viku áttu starfsfólk Þjóðgarðsins samtali við ýmsa hagaðila úr nærsamfélaginu. Rætt var um hvernig nýja Þjóðgarðsmiðstöðin geti nýst samfélaginu og veitt stuðning um málefni fræðslu- og menningartengdri starfsemi á Snæfellsnesi. Með þessum samtalsfundum var horft til þess að efla samstarf við skóla- og fræðslusamfélagið á Snæfellsnesi til framtíðar og voru aðilar úr skólasamfélaginu, fræðasamfélaginu og starfsfólk úr stjórnýsly Snæfellsbæjar boðað til samtals. Þar fengu gestir kynningu á nýju húsinu og starfsemi Þjóðgarðsmiðstöðvarinnar auk þess sem rætt var um hvernig hægt sé að vinna saman



að fræðslu- og menningarstarfsemi í Snæfellsbæ. Með þessu vilja starfsmenn Þjóðgarðsins að samfélagið taki þátt í uppbyggingu á svæðinu og að meiri samvinna eigi sér stað því þegar samfélagið vinnur saman eykur það verðmæti svæðisins.

sj



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Rafípróttadeild stofnuð

Ungmennafélag Víkings/Reynis fékk nýverið styrk frá Snæfellsbæ til þess að stofna rafípróttadeild. Undirbúningur hefur verið í fullum gangi hjá stjórn ungmennafélagsins enda að mörgu að huga við skipulagningu á nýrri afþreyingu. Námskeið í rafípróttum verða haldin í Líkninni á Hellissandi og mun ungmennafélagið fljótlega auglýsa með hvaða sniði og hvenær það

verður.

Rafípróttir eru sífellt að verða umsvifameiri í samfélaginu. Mjög mikilvægt er að nálgast tölvuleikjajöðkun með heilbrigðu og góðu hugarfari og að spila tölvuleiki á jákvæðan hátt.

Tölvuleikjajöðkun getur verið afslappandi dægurvöl, góður félagsskapur, íþrótt og jafnvel atvinna.

jj

Aflafréttir



Dagana 30. janúar til 5. febrúar komu á land í höfnum Snæfellsbæjar alls 608 tonn í 35 löndunum. Þar af var landað 413 tonnum í 18 löndunum í Rífshöfn og 195 tonnum í 17 löndunum í Ólafsvíkurhöfn. Hjá dragnóta bátunum landaði Gunnar Bjarnason SH 26 tonnum í 2, Egill SH 22 tonnum í 1, Matthías SH 18 tonnum í 1, Rífsari SH 18 tonnum í 1, Saxhamar SH 15 tonnum í 2, Esjar SH 14 tonnum í 1, Sveinbjörn Jakobsson SH 11 tonnum í 1, Magnús SH 10 tonnum í 1 og Guðmundur Jensson SH 6 tonnum í 1 löndun. Hjá litlu línu bátunum landaði Gísli Súrsson GK

36 tonnum í 3, Tryggvi Eðvarðs SH 22 tonnum í 1, Stakkhamar SH 19 tonnum í 2, Kristinn HU 17 tonnum í 2, Gullhólmi SH 11 tonnum í 1, Brynja SH 11 tonnum í 2, Lilja SH 13 tonnum í 1 og Sverrir SH 5 tonnum í 1 löndun. Stóru línu bátarnir lönduðu allir Tjaldur SH landaði 87 tonnum í 2, Örvar SH 70 tonnum og Rífsnes SH 62 tonnum báðir í 1 löndun. Netabátarnir Bárður og Ólafur Bjarnason lönduðu einni þessa daga. Bárður SH landaði 74 tonnum í 4 og Ólafur Bjarnason SH 37 tonnum í 3 löndunum.

pa



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



112

EINN EINN TVEIR

dagurinn

**Viðbragðsaðilar í Snæfellsbæ
verða með fjör og læti laugardaginn 11. febrúar
í tilefni 1.1.2 dagsins.**

Farið verður í bílalest frá Slökkvistöðinni í Ólafsvík kl. 13:00, ekið verður út Ólafsbraut, upp Klifbrautina, Hábrekku og Túnbrekku, niður Grundarbraut að Ólafsbraut, upp Kirkjutún og út Engihlíð.

Þaðan verður ekið út á Hellissand. Ekið verður um Keflavíkurgötu, Snæfellsás, Hellisbraut og Munaðarhól.

Þaðan verður ekið inn í Rif. Ekið verður um efra Rif og endað í Björgunarstöðinni Von á Rifi þar sem allir viðbragðsaðilar verða með sýningu og kynningu á störfum sínum og búnaði eftir aksturinn. Klifurveggur fyrir börnin að reyna sig á.

Boðið verður upp á léttar kaffiveitingar.



RAUÐAKROSSDEILD
SNÆFELLSBÆJAR